



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/1266
komudagur 9. 3. 2006.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
-150 Reykjavík-

Reykjavík, 9. mars 2006
Tilvísun: 200602-0038

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, 391. mál.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, 391. mál.


Stefna ASÍ í atvinnumálum *Framtíð fyrir alla* gengur út á samþættingu atvinnu-, félags- og efnahagsstefnu.

Ýmislegt í þeirri byggðaáætlun sem hér er til umsagnar er í ágætu samræmi við stefnu ASÍ. Þetta á m.a. við um það markmið áætlunarinnar að landshlutakjarnar verði eflir svo og það markmið að fólki sé gert kleyft að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum m.a. á grundvelli menntunar.

Það sem er síður í samræmi við stefnu ASÍ og sem Alpýðusambandið gerir alvarlegar athugasemdir við er eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi, þá felst þversögn í því markmiði að „landshlutakjarnar skulu eflir“ en jafnframt „hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun“. ASÍ telur að það þurfi að taka af allan vafa um að byggðastefna á ekki að snúast um kyrrstöðu heldur um eðlilegar breytingar í búsetu sem samræmast þróun nútímalegra atvinnuhátta.
- Í öðru lagi, þá eru efnahagsmál ekki nægjanlega vel fléttuð inn í byggðaáætlunina. Of lítil áhersla á efnahagsþáttinn getur leitt til þess að tíðar og kröftugar sveiflur t.d. í gengi þurrki út allan ávinning í atvinnuþróun. ASÍ telur að til að draga úr slíkri áhættu sé nauðsynlegt að forbinda samstarf stjórnvalda, Seðlabankans og aðila vinnumarkaðarins um að viðhalda stöðugleika.
- Í þriðja lagi, þá vantar í áætlunina leiðsögn um tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í atvinnuþróunarmálum. ASÍ telur að til að fjárfestingar í atvinnuþróun verði markvissar þurfi samræmdar aðgerðir í byggðastefnu, atvinnugreinastefnum og vísinda- og tæknistefnu.

f.h. Alpýðusambands Íslands,


Stefán Úlfarsson